

Priðjudaginn 11. desember 1973.

**Nr. 103/1972: Fjármálaráðherra og utanríkisráðherra
f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Saltsölunni s/f

(Guðmundur Pétursson hrl.)

og

Saltsalan s/f

gegn

Keflavíkurkaupstað og landeigendum

Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

**og fjármálaráðherra og utanríkisráðherra
f. h. ríkissjóðs.**

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson,
Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur
Jörundsson.**

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Eysteinnsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjadi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. ágúst 1972. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varakrafa: Að hann verði sýknaður að svo stöddu af kröfum gagnáfrýjanda, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Prautavarakrafa: Að lækkuð verði sú fjárhæð, sem hann var dæmdur til að greiða með hinum áfrýjaða dómi, en um málskostnað fari þá svo sem greinir um varakröfu.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. októ-

ber 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s. m. Eru kröfur hans þær, að gagnáfrýjandi og stefndu verði dæmdir til að greiða honum óskipt kr. 1.100.000.00 með 8% ársvöxtum frá 2. október 1970 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefndu einir verði dæmdir til að greiða óskipt framangreinda fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og áður segir, en til þrautavara krefst hann þess, að honum verði dæmt fé þetta með vöxtum og málskostnaði, svo sem áður segir, úr hendi aðaláfrýjanda eins.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er þá varðar, og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur gagnáfrýjanda á hendur Keflavíkurkaupstað og landeigendum Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi eru því á því reistar, að þessum aðiljum beri að svara gagnáfrýjanda skaðbótum vegna vanefnda þeirra á kaupsamningi um lóð undir salthús, er þeir afsöluðu gagnáfrýjanda 14. nóvember 1968. Hafi sú vanefnd lýst sér í því, að við grunngröft á lóðinni hafi komið í ljós oliuleiðslur, sem að engu hafi verið getið, er kaup voru ráðin. Hafi gagnáfrýjandi orðið að láta flytja leiðslur þessar úr stað og haft af því kostnað og beðið annað tjón.

Grundvöllur kröfugerðar gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda virðist vera sá, að varnarlið Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli hafi á sínum tíma lagt framangreindar oliuleiðslur í jörð. Til þess hafi það ekki haft heimild þáverandi eigenda hinnar seldu lóðar. Sé gagnáfrýjanda rétt að krefjast skaðabóta fyrir tjón, sem hlotizt hafi af heimildarlausri lagningu leiðslanna, og beri aðaláfrýjanda að svara til þeirra bóta samkvæmt ákvæði 2. gr. varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, sem öðlazzt hafi lagagildi með lögum nr. 110/1951. Er þó óljóst eftir málflutningi, hvort talið sé, að leiðslurnar hafi verið lagðar eftir gildistöku laga þessara.

Um málatalibúnað gagnáfrýjanda er þetta að athuga:

Með héraðsdómsstefnu 13. september 1971 stefndi hann til varnaraðildar ásamt Keflavíkurkaupstað, auk ríkissjóðs, sem

stefnt var til vara, þeim Valdimar Björnssyni, Grundarvegi 11, Óskari Kristjánssyni, Brautarhóli, og Friðriki Á. Magnússyni, Grundarvegi 2, öllum í Ytri-Njarðvík, „f. h. landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi“. Að öðru leyti nafngreindi gagnáfrýjandi ekki í stefnu landeigendur þá, sem hann beindi kröfum sínum að, svo sem þó er boðið í 88. gr. laga nr. 85/1936. Undir rekstri málsins hefur ekkert komið fram um það, hverjir landeigendur þessir séu, og ekki hefur því verið haldið fram, að þeir hafi stofnað með sér félag, sem fara megi með varnaraðild þeirra vegna í dómsmáli þessu og þar sem áðurgreindir þrír menn séu í fyrirsvari. Stef nubirting fyrir landeigendum fór fram með þeim hætti, að lögmaður stefndu fyrir Hæstarétti ritaði á hana vottorð um birtingu. Er vottorðið þó aðeins þess efnis, að stefnan hafi verið honum „löglega birt f. h. Landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis, þeirra Valdimars Björnssonar, Óskar Kristjánssonar og Friðriks Á. Magnússonar . . .“. Verður ekki ráðið af gögnum máls, hvort þeir landeigendur, sem eigi voru nafngreindir í stefnu, hafi fengið vitneskju um málssóknina. Þá eru kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda annars vegar og stefndu hins vegar ekki þannig vaxnar, að sækja megi þær í einu og sama máli, sbr. 47. gr. laga nr. 85/1936. Loks hefur reifun sakarefnis af hendi aðilja verið áfátt. Samkvæmt framan-sögðu er málalögbúnaður gagnáfrýjanda haldinn þeim annmörkum, að ómerkja verður hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu að öllu leyti frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 19. maí 1972.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 1. október 1971 og dómtekið 10.

þ. m., hefur Geir Borg, forstjóri Saltsölunnar s/f, f. h. Saltsölunnar s/f, Garðastræti 3, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. september 1971, gegn bæjarstjóranum í Keflavík, Jóhanni Einvarðssyni, f. h. Keflavíkurkaupstaðar og Valdimar Björnssyni, Grundarvegi 11, Óskari Kristjánssyni, Brautarhóli, og Friðriki Á. Magnússyni, Grundarvegi 2, öllum í Ytri-Njarðvík, f. h. landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi til greiðslu in solidum á kr. 1.100.000.00 með 8% ársvöxtum frá 2. október 1970 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt taxta L. M. F. Í. Til vara var stefnt varnarmáladeild vegna varnarliðsins í Keflavík, og voru sömu kröfur gerðar á hendur þeim aðilja, ef svo færi, að aðalstefndu yrðu sýknaðir.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 10. þ. m., sem árituð var um birtingu af aðalstefnda og varastefnda, breytti stefnandi kröfugerð sinni þannig, að dómkrafa hans varð, að Keflavíkurkaupstaður, landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi og utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. varnarmáladeildar og ríkissjóðs yrðu in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 1.100.000.00 með 8% ársvöxtum frá 2. október 1970 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Breytingar þessar á kröfugerð hafa ekki sætt andmælum af hálfu stefndu.

Stefndu Keflavíkurkaupstaður og landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi gera þær kröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en til vara, að fjárhæð sú, sem krafizt er í málinu, verði lækkuð að mati réttarins.

Í báðum tilvikum er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðherra vegna varnarmáladeildar og ríkissjóðs gera þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum stefnukröfum stefnanda, og er sérstaklega mótmælt kröfu um 350.000.00 króna tjón vegna dráttar á byggingarframkvæmdum. Er og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

II.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1968 falaðist stefnandi eftir kaupum á lóð til byggingar saltgeymsluhúss við höfnina í Keflavík. Eigendur lóðar þeirrar, er stefnandi hafði augastað á, voru á þeim tíma stefndu Keflavíkurkaupstaður, sem átti 13.46% lóðarinnar í óskiptri sameign með stefndu landeigendum Ytra-Njarð-

víkurhverfis með Vatnsnesi, sem áttu 85.54%. Umsókn stefnanda um lóðarkaup þessi leiddi svo til þess, að stefndi Keflavíkurkaupstaður og landeigendur Ytri-Njarðvíkur samþykktu með bréfum, dagsettum 13. nóvember og 22. september 1968, sölu á lóðinni, og var gengið frá afsali um lóðina 14. nóvember 1968. Í afsali voru takmörk lóðarinnar ákvörðuð þannig: „Að norðan af Víkurbraut, að austan af óskiptu landi Landeigenda, er nær í sjó fram, að sunnan af óskiptu sameignarlandi sömu aðilja og að vestan af ónefndri götu sjávarmegin við Hafnargötu. Stærð hinnar seldu lóðar er 2400 ferm., ca. 60 metrar í suður og 40 metrar á breidd“. Tekið var fram í afsali, að lóðin væri seld til að byggja á henni saltgeymsluhús o. fl. við höfnina.

Sumarið 1970 hóf stefnandi byggingu saltgeymsluhúss á framangreindri lóð. Skömmu eftir að byggingarframkvæmdir hófust á lóðinni, kom í ljós, að tvær benzínleiðslur frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli lágu um lóðina. Leiðslur þessar voru fullar af benzíni, og var því stefnandi tilneyddur til þess að stöðva framkvæmdir, þar sem geysileg bruna- og sprengingarhætta var samfara leiðslunum að álitni varnarliðsins, sem tók í taumana og lét stöðva framkvæmdir. Stefnandi sneri sér því til seljanda lóðarinnar, stefndu Keflavíkurkaupstaðar og landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, og tilkynnti þeim, hvernig málum væri komið, og óskaði eftir því, að leiðslurnar yrðu fjarlægðar eða honum gert kleift að halda áfram byggingarframkvæmdum sínum á lóðinni. Þessu vísuðu framangreindir aðiljar frá sér og kváðust ekkert hafa um leiðslurnar vitað, þær hefði varnarliðið lagt í algeru heimildarleysi og væri því við það að eiga um flutning þeirra. Stefnandi átti eftir þetta viðtöl við fulltrúa meðstefnda varnarmáladeildar og varnarliðsins og setti fram þær kröfur, að varnarliðið flytti leiðslurnar af lóðinni án tafar, honum að kostnaðarlausu. Leiddi þetta til þess, að haldinn var fundur með yfirmönnum varnarliðsins og fulltrúa stefnda varnarmáladeildar, og var farið fram á, að varnarliðið kostaði flutning á leiðslunum. Bentu þá yfirmenn varnarliðsins á það, að íslenska ríkinu bæri að leggja til lóð undir leiðslurnar því að kostnaðarlausu, og vísuðu til 2. gr. laga nr. 110/1951 um það atriði. Töldu þeir og, að leiðslur þessar hefðu upphaflega verið lagðar í fullu samráði við varnarmáladeildina eða ríkisstjórnina og með samþykki landeigenda. Á hinn bóginn kváðust þeir ekkert hafa á móti því, að leiðslurnar yrðu fluttar, en neituðu að greiða kostnað við þann

flutning, en buðust þó til þess að leggja fram nýjar leiðslur án þess að krefjast greiðslu fyrir þær. Af hálfu stefnanda var ritað bréf til varnarmáladeildar þann 28. júlí 1970 og kvartað undan þeim drætti, sem orðið hefði á því að flytja leiðslurnar, og var þá jafnframt tilkynnt, að varnarmáladeildin yrði f. h. varnarliðsins gerð ábyrg fyrir öllum þeim tölum, sem af því mundi leiða eða hefði leitt. Þessar kvartanir voru síðan ítrekaðar í bréfi, dags. 17. ágúst 1970. Með bréfi, dagsettu 19. ágúst 1970, var stefndu landeigendum Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi og Keflavíkurkaupstað tilkynnt, að þeim yrði haldið ábyrgum fyrir því tjóni, sem stefnandi hefði beðið eða kynni að biða vegna þessa máls, enda hefði lóðin verið seld kvaðalaus og skilvíslega greidd. Með bréfi, dagsettu 7. september 1970, mótmæltu stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, að þeir bæru ábyrgð á lagningu eða legu leiðslanna, þar sem enginn þeirra hefði vitað um, að pípurnar lægju um landið, og leyfi til slíks hefði ekki verið fengið hjá þeim. Með yfirlýsingu, dagsettri 14. ágúst 1970, tók stefnandi það að sér að greiða Olíufélaginu h/f kr. 750.000.00, eftir að Olíufélagið h/f hefði „lokið við að flytja olíuleiðslur varnarliðsins af lóð Saltsölunnar við Keflavíkurhöfn.“ Varnarliðið hafði talið það óforsvaranlegt sem eigandi leiðslanna, að nokkur annar aðili en Olíufélagið h/f sæi um flutning leiðslanna, og byggðist það á sérhæfni starfsmanna þess til að fara með eldfim efni og kunnáttu starfsmanna þeirra í meðferð slíkra leiðslna. Olíufélagið h/f hafði sett upp ákveðið gjald fyrir að flytja leiðslurnar, eða kr. 750.000.00. Stefnandi greiddi síðan Olíufélaginu h/f hinar umsömdu kr. 750.000.00 fyrir flutning á leiðslunum þann 2. október 1970. Er stefnanda tókst ekki að fá greidda fjárhæð þessa hjá stefndu, höfðaði hann mál þetta.

Lagðar hafa verið fram í máli þessu teikningar, gerðar af teiknistofu varnarliðsins, sem sýna legu leiðslna þeirra, sem hér um ræðir, og breytingar, sem gerðar hafa verið á leiðslunum. Eftir því, sem tekizt hefur að upplýsa í málinu, munu leiðslur þessar upphaflega hafa verið lagðar af Bandaríkjaher á árunum 1942 — 1943, en endurnýjaðar á vegum varnarliðsins á árunum 1949 — 1951 og síðar.

Lögð hefur verið fram yfirlýsing stefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkur, dagsett 5. apríl 1957, svohljóðandi: „Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, fyrir hönd eigenda Ytri-Njarðvíkur, að varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli heimilast, án endurgjalds, að halda áfram að nota tvær olíuleiðslur sínar 8”, er liggja yfir landspild-

una í horni því, er Reykjavíkurvegur og gamli flugvallarvegurinn mynda.

Landeigendur áskilja sér rétt til þess að segja leyfi þessu upp með 6 mánaða fyrirvara, ef þörf verður vegna skipulagsins, að dómi skipulagsstjóra, að taka nefndar olíuleiðslur í burtu.“

Einnig hefur verið lagt fram dómsskjal nr. 27, teikning Teiknistofu skipulagsins, en inn á hana er teiknuð breyting á olíuleiðslunum, sem liggja ofan Hafnargötu í Keflavík, og hafa stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur áritað þá teikningu um samþykki sitt og auk þess undirritað yfirlýsingu á dskj. nr. 31, svohljóðandi: „Ég undirritaður hefi kynnt mér uppdrátt að breytingu á olíuleiðslum, er liggja meðfram og yfir Hafnargötu í Keflavík. Fyrir hönd landeigenda er ég samþykkur þessari breytingu.“ Þá hefur og verið lögð fram uppsögn stefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkur á landspildu þeirri, er tilgreind er í yfirlýsingu þeirra frá 5. apríl 1957, og er uppsögnin svohljóðandi: „Með bréfi, dagsettu 5. apríl 1957, leyfðu landeigendur í Ytri-Njarðvíkum varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli endurgjaldslaust að halda áfram að nota tvær olíuleiðslur sínar, 8“, er liggja yfir landspilduna í horni því, er Keflavíkurvegur og gamli flugvallarvegurinn mynda.

Með hliðsjón af því, að nú hafa verið ákveðnar byggingaframkvæmdir, og þegar hefur verið úthlutað lóðum á ofangreindu svæði, þá leyfum vér oss að tilkynna yður, að nefndum afnotum af landspildunni er hér með sagt upp með 6 mánaða fyrirvara frá deginum í dag að telja.“

Uppsögn þessi er árituð af byggingarfulltrúa stefnda Keflavíkurkaupstaðar um það, að hún sé í samræmi við væntanlegar byggingaframkvæmdir. Bréf þetta hefur og verið kvittað um móttöku af fulltrúa stefnda varnarmáladeildar. Lögð hafa verið fram í máli þessu gögn, er sýna það, að stjórn landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum hefur verið kunnugt um, að olíu- og benzínleiðslur lægju niður að Keflavíkurhöfn ofan af Keflavíkurflugvelli, og þykir ekki ástæða hér að rekja nákvæmlega þau samskipti landshafnarstjórnar, samgöngumálaráðuneytisins og stefndu varnarmáladeildar, er koma fram í dómsskjölum þessum.

Fyrir dóm hefur komið af hálfu stefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi Valdimar Björnsson fulltrúi, Grundarvegi 11, Ytri-Njarðvík. Skýrði hann svo frá í bréfi til lögmanns síns, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, að þegar fyrsta skipulag Keflavíkurkaupstaðar hafi verið samþykkt, hafi verið litið svo á, að landeigendur væru því samþykkir. Þegar farið hafi verið að

vinna eftir skipulaginu, leggja götur, skolpleiðslur, vatnsleiðslur, olíuleiðslur og rafmagnskapla í götur og meðfram þeim í gangstéttir, hefðu landeigendur engin afskipti haft af þessum framkvæmdum. Þeir hefðu treyst hreppsnefnd og byggingarnefnd ásamt byggingarfulltrúa fyrir því, að það væri allt gert til frambúðar. Hann sagði, að þegar ríkisstjórnin hefði verið búin að ákveða að taka flugvallarlandið eignarnámi, hefði legið svo mikið á að hefja framkvæmdir, að ríkisstjórnin hefði leyft hersetu þá þegar, og minnti hann, að þetta hefði verið skömmu eftir 1940. Þegar herseta var leyfð á landi Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi bæði í Njarðvíkum og Keflavík, hefði línar verið dregin niður að Þjóðvegi, nú Reykjanesbraut, og á kafla meðfram Hafnargötu og niður fyrir Hringbraut í Keflavík. Hefði síðan verið byrjað á hernámsframkvæmdum á þessu landi, byggja íbúðarbragga, alls konar skemmur og skúra, leggja margs konar leiðslur, bæði ofanjarðar og neðan. Reistir hefðu verið bæði olíu- og benzíntankar á víð og dreif um landið. Kvað hann þær olíuleiðslur og benzínleiðslur, sem málið reis út af, sennilega hafa verið lagðar á árunum 1942 og 1943 fyrir neðan Hafnargötu, niður á hafnarbakka, neðanjarðar, og hafi það verið fyrir utan það land, sem fyrst var ákveðið sem flugvallarland. Fyrir ofan Hafnargötu og upp í samband við nefnda tanka hafi leiðslurnar verið lagðar ofanjarðar, enda á því svæði, sem þá hafði verið hernumið. Hann sagði, að á þessum árum, sem herinn hefði verið með þessar framkvæmdir, bæði á svonefndu flugvallarlandi og eins fyrir utan það, hefðu vopnaðir hermenn verið til varnar því, að enginn óviðkomandi kæmi þar nálægt, en landeigendur hefðu talið það víst, að allt það, sem framkvæmt hefði verið fyrir utan það land, sem var fyrirhugað flugvallarland, væri gert í samráði við skipulag, annað hvort ríkisskipulag eða Keflavíkurkaupstaðar, þannig hefði algerlega verið farið fram hjá landeigendum með lagningu á þessum umdeildu leiðslum. Sagði hann, að ef landeigendur hefðu gefið leyfi fyrir lögð leiðslunna, hefðu þeir aldrei gefið leyfi nema á þeim stað, sem þær máttu liggja til frambúðar. Sagði hann, að ef landeigendur hefðu haft hugmynd um, að leiðslurnar lægju á þeim stað, sem þær reyndust liggja, þá hefðu þeir aldrei selt Saltsölunni s/f lóðina, nema vera búnir að láta flytja þær á réttan stað. Einnig sagði hann, að ef bæjarstjórn eða byggingarnefnd og byggingarfulltrúi Keflavíkur hefðu haft hugmynd um, að leiðslurnar lægju á þessum stað, þá hefðu þeir látið landeigendur vita um það, þar sem allur undirbúningur á sölu lóðarinnar fór í

gegnum þá. Aðspurður kvaðst hann hafa séð, að leiðslurnar voru lagðar ofanjarðar fyrir ofan Hafnargötuna, en kvaðst hafa talið, að þær væru lagðar þannig fyrir neðan götuna, að þær væru ekki fyrir skipulaginu. Kvað hann sig minna, að tvær leiðslur hefðu verið ofanjarðar fyrir ofan Hafnargötu. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa vitað, að leiðslurnar lágu um lóð Saltsölunnar. Hann kvaðst telja, að það hafi verið búið að skipuleggja svæði það, sem leiðslurnar lágu um, löngu áður en þær voru lagðar. Hann kvað Keflavíkurkaupstað ekki hafa orðið meðeiganda að því landi, sem leiðslurnar liggja um, fyrr en árið 1965. Hann sagði, að í bréfi landeigenda á dskj. nr. 19 hafi verið átt við olíuleiðslur, sem lágu ofanjarðar, fyrir ofan Hafnargötuna, og kvaðst hann aðspurður ekki vita, hvort um sömu leiðslur væri að ræða og lágu í gegnum lóð Saltsölunnar. Kvað hann þær leiðslur hafa legið yfir byggingarlóðir og þess vegna hafi þær verið færðar og hafi hann veitt samþykki sitt til þess á dskj. nr. 27. Lýsti hann því yfir, að hann teldi, að herinn hefði lagt leiðslur þessar án þess að fá leyfi landeigenda til þess. Sagði hann, að þegar þeir hefðu vitað um lagningu á leiðslum, hefðu þeir talið, að slíkt væri lagt á þeim stað, sem það mætti vera til frambúðar á. Hann sagði aðspurður, að þeir hefðu ekki skipt sér af því og ekki vitað um það, hvort verið væri að breyta leiðslum eða leggja nýjar. Hann sagði aðspurður, að sér hefði ekki verið kunnugt, að landshöfnin hefði óskað eftir því árið 1953, sbr. dskj. nr. 35, að olíu- og benzínleiðslum varnarliðsins yrði breytt við höfnina í Keflavík. Dómsskjal nr. 35 er bréf landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvík til utanríkisráðuneytisins, þar sem farið er fram á, að olíuleiðslur og benzínleiðslur varnarliðsins verði grafnar dýpra niður í brekku, sem þær liggja um, við höfnina í Keflavík.

Nokkur vitni hafa komið fyrir rétt í máli þessu.

Vitnið Knútur Höiriis, stöðvarstjóri Olíufélagsins h/f á Keflavíkurflugvelli, sagði, að sér væri kunnugt, hvaða olíuleiðslur væri um að ræða í máli þessu, og kvað þær hafa verið lagðar á árunum 1949 og 1950 af Metcalf Hamilton, en það hafi verið verktakar, sem hafi verið hér á vegum varnarliðsins. Vitnið sagði, að tvær breytingar hefðu verið gerðar síðan á leiðslunum, þ. e. a. s. niður við höfn og fyrir ofan Hafnargötu. Vitnið sagði, að breytingin niður við höfn hefði verið framkvæmd af Keflavíkurverktökum, sem hafi unnið á vegum varnarliðsins, en kvaðst ekki muna, hver framkvæmdi breytinguna fyrir ofan Hafnargötu, en vitnið minnti, að Íslenzkir Aðalverktakar hefðu framkvæmt það verk á vegum

varnarliðsins. Vitnið kvað breytinguna við höfnina hafa verið gerða vegna vegarlagningar. Vitnið sagði aðspurt, að sér væri ókunnugt, hvort leitað hefði verið leyfis hjá landeigendum vegna lagningar leiðslunnar, bæði í upphafi og eins við breytingarnar. Vitnið var spurt, hvort það myndi til þess, að eldri leiðslurnar tvær, sem voru fyrir hendi, þegar Hamilton lagði leiðslurnar árið 1949—1950, hafi verið færðar úr lóð Saltsölunnar, og kvaðst vitnið ekki minnst þess. Vitnið var spurt, hvort það myndi, hverjir hefðu annast verkstjórn hjá Metcalf Hamilton greint sinn, og sagði vitnið, að það hefðu allt verið Bandaríkjamenn.

Vitnið Ólafur Arinbjörnsson Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Olíusamlagsins í Keflavík, kvað olíusamlagið hafa byggt hús á sjávarbakkanum við höfnina árið 1952 og hafi þá engar olíuleiðslur verið í vegi fyrir þeim. Vitnið sagði, að við byggingu húss, sem stendur á lóðinni Víkurbraut 11, hafi byggingaraðiljar rekist á olíuleiðslu, sem gat kom á, og reyndist hún ekki vera í notkun. Vitnið kvaðst ekki vita, hvort búið hafi verið að leggja olíuleiðslurnar, áður en þeir byggðu húsið að Víkurbraut 13, eða ekki. Kvaðst vitnið aðspurt ekki muna, hvenær herinn lagði olíuleiðslurnar, en sagði, að herinn hefði framkvæmt það verk.

Vitnið Ragnar Ágúst Björnsson hafnarstjóri kvaðst hafa byrjað að starfa við höfnina í Keflavík árið 1950. Kvaðst vitnið ekki vita, hve margar leiðslur lágu þá niður á bryggju. Kvaðst vitnið hafa vitað, að leiðslur lágu niður að bryggjunni og hvar þær lágu niður við bryggjuna, en kvaðst ekki hafa vitað, hvar leiðslunar lágu nákvæmlega. Vitnið kvaðst þó hafa séð, þegar verið var að vinna við að endurnýja leiðslurnar, og kvað það hafa verið unnið af Vélsmiðju Björns Magnússonar á vegum varnarliðsins. Vitnið sagði, að endurbætur á leiðslunum hafi verið gerðar vegna tæringar á þeim. Vitninu var kynnt dskj. nr. 35, og sagði það, að þær breytingar, sem þar er farið fram á, hafi verið framkvæmdar á kostnað varnarliðsins, og minnti vitnið, að Vélsmiðja Björns Magnússonar hefði einnig annast þær breytingar fyrir varnarliðið. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að það séu bókanir í fundargerðabókum landshafnarinnar varðandi olíuleiðslur við höfnina frekar en komið hefði fram. Vitnið kvaðst aðspurt ekki vita til þess, að varnarliðið hefði fengið formlegt leyfi til að leggja olíuleiðslurnar niður á bryggju. Vitnið sagði, að varnarliðið hefði ekki greitt neitt fyrir að fá að leiða leiðslurnar í gegnum land hafnarinnar. Vitnið minntist þess ekki, að landshöfnin hefði formlega samþykkt lagningu olíuleiðslunnar, en hún hefði ekki heldur mótmælt

þeim. Vitnið kvaðst aðspurt ekki vita, hvort fyrir lá munnlegt samþykki af hálfu landshafnarinnar, og kvaðst hvergi hafa séð stafkrók fyrir því.

Vitnið Jón Gunnar Tómasson, verkfræðingur hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, kvaðst hafa hafið störf hjá varnarliðinu árið 1954 og sagði, að sér hefði verið kunnugt um, að þá lágu fjórar 8 tommu leiðslur frá geymum á flugvellingum og niður að höfn. Vitnið sagði, að ein leiðslan hefði verið lögð niður, fljótlega eftir að vitnið hóf störf hjá varnarliðinu. Vitninu var sýnt dskj. nr. 29, sem er uppdráttur varnarliðsins af lagningu olíuleiðslna frá flugvellingum niður að höfn. Vitnið sagði, að á teikningunni væru leiðslur þær, er þurfti að færa af lóð Saltsölunnar, merktar með dökkum sverum línunum, en vitnið taldi, að gömlu leiðslurnar, sem lagðar voru á stríðsárunum, væru merktar daufri punktalínu. Vitnið taldi samkvæmt teikningunni, að verkið hefði verið framkvæmt á árunum 1949 til 1951. Kvaðst það ekki hafa séð neina pappíra eða skjöl, sem skýrðu frá því, að leyfi hefði verið veitt til þess að leggja olíuleiðslurnar á þessum stað. Vitnið kvaðst vilja taka fram, að allar breytingar á olíuleiðslunum, sem fram hefðu farið, eftir að vitnið hóf störf hjá varnarliðinu, hafi verið gerðar í samráði við bæjarstjóra Keflavíkur og byggingarfulltrúa hans. Vitnið kvaðst telja, að Metcalf Hamilton hafi séð um að leggja olíuleiðslurnar á árunum 1949—1951 á vegum varnarliðsins.

Vitnið Björn Magnússon vélsmiður kvaðst hafa rekið fyrirtækið Vélsmiðju Björns Magnússonar og hafi það á árunum 1962—1963, að því er vitnið minnir, endurnýjað olíuleiðslur, sem liggja af Keflavíkurflugvelli og niður að höfn. Vitnið sagði, að endurnýjaðar hefðu verið leiðslur frá lóð Hafnargötu 90 niður að hafskipabryggju. Vitnið kvað leiðslurnar hafa að mestu leyti verið lagðar á sama stað og þær eldri, en þó hafi, að því er vitnið minnti, mestu krókarnir verið teknir af leiðslunum. Vitnið sagði, að verkið hefði það unnið sem undirverktaki Járn- og pípulagningarverktaka Keflavíkurflugvelli og hefði maður frá varnarliðinu annast eftirlit með verkinu og hefðu teikningar þær, sem notaðar voru við verkið, verið frá verkfræðingadeild hersins. Vitnið sagði aðspurt, að sig minnti að nýju rörin hefðu að mestu farið á sama stað og gömlu rörin nema niður við höfn. Vitnið kvaðst aðspurt, hvort byggingarfulltrúi Keflavíkurkaupstaðar hafi haft afskipti af verkinu, þegar það var framkvæmt, ekki minnast þess, að aðrir en eftirlitsmaður hersins hefðu komið þar nærri, nema þá hafnarverðir, þegar að höfninni kom.

Vitnið Ingvar Aðalsteinn Jóhannesson framkvæmdastjóri kvað Keflavíkurverktaka, sem vitnið er framkvæmdastjóri fyrir, hafa gert samninga við varnarliðið um endurnýjun á olíuleiðslum af Keflavíkurflugvelli niður á höfn. Vitnið kvað samninga um þetta vera fyrir hendi. Vitnið sagði aðspurt, að það teldi, að haft hefði verið samráð við byggingarfulltrúa Keflavíkur og varnarmálanefnd vegna þessara breytinga, enda taldi vitnið það ekki í þeirra verkahring.

Lögð hefur verið fram í málinu bréf byggingatæknifræðings Keflavíkur til lögmanns stefnda Keflavíkurkaupstaðar, og er það svohljóðandi:

„Varðar mál Saltsölunnar gegn landeigendum Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi o. fl.

Starfsmönnum Keflavíkurbæjar var ekki kunnugt um nákvæma legu olíulagnanna á því svæði, sem Saltsölunni var úthlutað lóð.

Okkur var hinsvegar kunnugt um, að tvær lagnir höfðu verið færðar úr þeim stað, sem Saltsalan fékk sína lóð, og voru þær lagðar meðfram gatnamótum Víkurbrautar og Hafnargötu, þannig að þær eru rétt staðsettar og engum til ama. Okkur datt hinsvegar ekki í hug, að það hefði verið skilin eftir lög, sem væri í notkun á því svæði, sem Saltsalan fékk lóðarúthlutun á.

Mér vitanlega hefur bæjarstjórn Keflavíkur ekki samþykkt staðsetningu lagnanna í upphafi. Það hefur komið fyrir áður, að þurft hefur að breyta lögnum varnarliðsins, t. d. vegna gatnagerðar, þ. e. þegar Víkurbraut var malbikuð '65 og þegar uppkeyrslan frá höfninni var steypt. Í báðum þessum tilvikum voru gerðar breytingar á lögnum, og vitum við ekki betur en að varnarliðið hafi sjálft staðið undir þeim kostnaði, a. m. k. tók bæjarsjóður Keflavíkur engan þátt í þeim breytingum.

Í ljósi framangreindra staðreynda teljum við eðlilegt, að þeir aðilar, sem áður hafa staðið undir kostnaði við breytingu lagnanna, geri það einnig í tilvikinu við hús Saltsölunnar.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til greinargerðar Valdimars Björnssonar, dags. 4/2 '72.“

Stefndi varnarmáladeild og ríkissjóður hafa lagt fram tvær teikningar, dskj. nr. 40 og 41, sem sýna breytingar á olíuleiðslum við Keflavíkurhöfn, og eru teikningar þessar báðar áritaðar af þáverandi byggingarfulltrúa stefnda Keflavíkurbæjar.

Auk þess liggja frammi í málinu úrdrættir úr fundagerðabókum hafnarnefnda Keflavíkur og landshafnar Keflavíkur og Njarð-

víkur, en eigi verður séð að fundargerðir þessar varpi frekari ljósi á mál þetta.

III.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi og Keflavíkurbær hafi selt honum lóð undir saltgeymsluhús kvaðalaust og beri þeir skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem hann (stefnandi) hafi orðið fyrir, vegna þess að lóðin reyndist vera með þeim annmörkum, er að framan er rak-ið. Á sama hátt kveður stefnandi, að ef oliuleiðslurnar hafi verið lagðar í gegnum lóð landeigenda án leyfis þeirra, beri sá, sem lagði leiðslurnar, skaðabótaábyrgð gagnvart þeim, sem verður fyrir tjóni. Hann kvað því upphaflega hafa verið haldið fram, að varnarliðið hefði lagt leiðslurnar í fullu samráði við landeigendur og fengið leyfi þeirra til. Hann telur, að undir rekstri málsins hafi ekki verið færðar sönnur á það, og hafi hann því breytt kröfum sínum með framhaldsstefnu. Samkvæmt framanrituðu telur stefnandi, að stefndu beri „solidarískt“ að greiða honum stefnu-fjárhæðina.

Krafan sundurliðast þannig, að kr. 750.000.00 séu útlagður kostnaður stefnanda við færslu leiðslunnar, en Oliufélagið h/f hafi annazt það verk. Hann segir varnarliðið hafa sett það skilyrði, að Oliufélagið h/f flytti leiðslurnar, og þessi upphæð hefði verið sett upp af Oliufélaginu h/f og hafi hann orðið að taka því, þar sem hann gat ekki vitað, hve lengi hann yrði að bíða eftir því, að verkið yrði framkvæmt að öðrum kosti. Einnig hafi varnarliðið lagt til sjálfar leiðslurnar án greiðslu, en hann að öðrum kosti orðið að kaupa þær annars staðar. Stefnandi gerði og kröfu um greiðslu kr. 350.000.00 vegna rekstrarstöðvunar og alls þess óhagræðis, sem leitt hafi af því, að byggingarframkvæmdir stöðvuðust í marga mánuði og á þeim tíma, sem hagkvæmast er að byggja, þ. e. vor, sumar og haust, en hann hafi ekki getað byrjað aftur á verkinu fyrr en í byrjun októbermánaðar.

Stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi og Keflavíkurkaupstaður byggja kröfu sína um sýknu á, að þeir hafi verið með öllu grandlausir eins og stefnandi um, að nokkur hindrun væri í vegi fyrir framkvæmd byggingarinnar á lóð þeirri, er þeir seldu stefnanda. Leiðslurnar hafi meðstefndi átt, hann hafi látið leggja þær upphaflega án vitundar stefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkur og Keflavíkurkaupstaðar, hann hafi síðan notað þær við starfsemi sína, haldið þeim við og látið færa þær til, allt á sinn

kostnað og sína ábyrgð. Stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur og Keflavíkurkaupstaður telja það vera í ósamræmi við gildandi réttarreglur, ef einhver annar en eigandi og notandi leiðslunnar eigi að bera allan kostnað af þeim á þeirra ábyrgð. Stefndu segja leiðslurnar upphaflega hafa verið lagðar með mikilli leynd, á hernaðartímum, og sé sú leynd skiljanleg, en það eigi ekki að baka óviðkomandi mönnum ábyrgð, ef af þeirri leynd leiði tjón. Stefndu landeigendur telja, að uppdrættir þeir, sem lagðir hafa verið fram, sýni ekki, að það sé rangt hjá þeim, að þeir hafi verið grandlausir, og benda á, að einn uppdrátturinn sé merktur „confidential“ og annar, sem sýndur var í réttinum, sé merktur „secret“ og því ómögulegt fyrir þá að vita um leiðslurnar. Varðandi þá málsástæðu meðstefndu, að þeir hafi unnið hefðarrétt á landinu, bera stefndu landeigendur því fyrir sig, að hér sé um ósýnilegt ítak að ræða og sé því hefðartíminn 40 ár. Einnig telja stefndu, að ef hefðarlögin ættu að gilda, sem stefndu mótmæla, þá geti hefð ekki myndast vegna stöðugrar vitundar varnarliðsins um, að það var með ítakið í landi annars aðilja, og hafði um það vitneskju, að sá aðili, sem hefða skyldi hjá, gat ekki vitað um tilveru ítaksins. Stefndu landeigendur hafa ekki mótmælt kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 750.000.00. Kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 350.000.00 vegna tafa mótmæltu stefndu landeigendur sem allt of hárrí og órökstuddri og töldu, að öll gögn vantaði til rökstuðnings kröfu þeirri.

Stefndu varnarmáladeild og ríkissjóður byggja kröfu sína um sýknu á því, að leiðslurnar hafi verið lagðar og verið á þeim stað, sem þær voru á, með leyfi og vitund meðstefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkur og Keflavíkurkaupstaðar. Þeir hafi vitað um nákvæma legu leiðslunnar annars staðar á landi þeirra, eins og komi fram í dómsskjölum, og auk þess leyft leiðslum þessum að liggja um land sitt, eins og dómsskjöl sýni. Þá hafi og komið fram við vitnaleiðslu, að stefnda Keflavíkurkaupstað hafi verið kunnugt um breytingar og flutninga á leiðslunum, og auk þess séu framlagðar teikningar, dskj. 40 og 41, áritaðar af fulltrúa stefnda Keflavíkurkaupstað, þ. e. a. s. byggingarfulltrúa Keflavíkur, en teikningar þessar sýni legu leiðslunnar við höfnina í Keflavík og fyrirhugaðar breytingar á þeim og hljóti því stefndu landeigendur að hafa verið kunnugt um legu leiðslunnar, er þeir seldu stefnanda lóðina. Stefndu varnarmáladeild og ríkissjóður telja sannað, að meðstefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur og Keflavíkurkaupstaður hafi vitað eða hlotið að vita, að leiðslurnar lágu um land

þeirra niður að sjó. Auk þess telur stefndi varnarmáladeild sann- að af málsskjöllum, að stjórn landshafnarinnar hafi verið kunnugt um legu leiðslanna og þar með hafi flestum málsmetandi mönn- um í Keflavík og nágrenni verið kunnugt um, að olíu- og benzín- leiðslur lágu af Kaflavíkurflugvelli niður að höfn, og hafi því stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur og Keflavíkurkaupstaður sýnt af sér mikið gáleysi að ganga ekki úr skugga um það, áður en þeir seldu stefnanda, hvar leiðslurnar lægju nákvæmlega. Auk þess telja stefndu varnarmáladeild og ríkissjóður, að ákvæði 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905, sbr. 7. gr., eigi hér við, þannig að skapast hafi afnotaréttur vegna óslitins eignarhalds hans á þeim hluta landsins, sem leiðslurnar liggja um, og hann því öðlalt afnotarétt á þessu svæði, sbr. 7. gr. hefðarlaganna.

IV.

Fallast verður á þá skoðun stefnanda, að honum beri skaðabæt- ur fyrir tjón það, sem hann varð fyrir vegna þess, að lóð sú, sem hann keypti af stefndu landeigendum, reyndist gölluð. Þykir hann og hafa rökstutt og sannað kröfu sína um greiðslu á kr. 750.000.00 vegna færslu leiðslanna nægilega.

Krafa stefnanda um greiðslu á kr. 350.000.00 vegna rekstrar- stöðvunar og tafa á byggingarframkvæmdum er ekki studd nein- um gögnum, en ómótmælt er, að stefnandi varð fyrir allverulegum tögum vegna þess galla, sem á lóðinni var, og þykir dóminum rétt að dæma honum bætur vegna þess, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00.

Í máli þessu er það óvefengt, að varnarliðið í Keflavík hefur látið leggja á sinn kostnað þær olíu- og benzínleiðslur, sem mál þetta snýst um. Það er og ljóst, að varnarliðið hefur fært leiðsl- urnar til og endurnýjað þær á sinn kostnað alloft á síðustu 20 ár- um. Stefndi varnarmáladeild hefur sýnt fram á, að stefndu land- eigendum var kunnugt um, að olíu- og benzínleiðslur lágu af Keflavíkurflugvelli niður á bryggju í Keflavíkurhöfn. Gegn ein- dregnum mótmælum stefndu landeigenda telur rétturinn, að stefndi varnarmáladeild hafi hvorki getað sannað, að stefndu land- eigendur hafi veitt leyfi sitt til lagningar leiðslanna um land sitt, né að stefndu landeigendur hafi vitað um, að leiðslurnar lágu um lóð þá, er þeir seldu stefnanda.

Litur dómurinn því svo á, að stefndu landeigendur Ytri-Njarð- víkur með Vatnsnesi og Keflavíkurkaupstaður hafi verið grand-

lausir um tilvist títtnefndra leiðslna í lóð þeirri, er þeir seldu stefnanda.

Það verður að telja, að skilyrði hefðar varðandi afnot stefnda varnarmáladeildar vegna varnarliðsins séu ekki fyrir hendi, þar sem rétturinn lítur svo á, að hér sé um ósýnilegt ítak að ræða, sbr. 8. gr. laga 46/1905.

Rétturinn telur samkvæmt þessu, að leggja beri bótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi varð fyrir, óskipta á stefnda varnarmála-deild vegna varnarliðsins í Keflavík.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að sýkna ber stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi og Keflavíkurkaupstað af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. varnarmáladeildar vegna varnarliðsins í Keflavík og ríkissjóðs verða dæmdir til að greiða stefnanda, Saltsölunni s/f, kr. kr. 850.000.00 (750.000.00 + 100.000.00) ásamt vöxtum, sem ákveðast 8% ársvextir frá 2. október 1970 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. varnarmáladeildar vegna varnarliðsins í Keflavík og ríkissjóðs að greiða stefnanda, Saltsölunni s/f, málskostnað, er ákveðst kr. 100.000.00.

Með tilliti til málavaxta þykir rétt, að málskostnaður falli niður í lögskiptum stefnanda, Saltsölunnar s/f, og stefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi og Keflavíkurkaupstaðar.

Jón Eysteinnsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi og Keflavíkurkaupstaður skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Saltsölunnar s/f, í máli þessu, en málskostnaður skal niður falla.

Stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. varnarmáladeildar vegna varnarliðsins í Keflavík og ríkissjóðs greiði stefnanda, Saltsölunni s/f, kr. 850.000.00 með 8% ársvöxtum frá 2. október 1970 til greiðsludags og kr. 100.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.